

Styrkir til meistaranema 2025

Styrkir Byggðarannsóknasjóðs til meistaranema voru auglýstir 16. september og var opið fyrir umsóknir til 10. nóvember. Alls bárust 14 umsóknir. Til úthlutunar voru 1,2 m.kr. Styrkirnir eru fjármagnaðir af byggðaaáætlun. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti á fundi 11. desember 2025, þá tillögu stjórnar Byggðarannsóknasjóðs, að styrkja þrjú eftirfarandi verkefni¹. Hver styrkur er að upphæð 400.000 kr.

1. *Coastal Fishing in Rural Iceland: Impacts of the strandveiðar system*

Styrkþegi er Kevin Graham Wells, Háskólasetri Vestfjarða.

Í verkefninu verður mat lagt á Strandveiðikerfið sem tekið var upp á Íslandi árið 2009. Strandveiðar, ásamt byggðakvótum eru tvær mikilvægustu umbæturnar á fiskveiðistjórnun á Íslandi frá því að kvótakerfið var tekið upp á níunda og tíunda áratugnum. Skoðað verður hvaða áhrif strandveiðar hafa haft á svæðisbundin strandsamfélög frá því að þær voru kynntar til sögunnar. Tvær aðferðir verða notaðar, í fyrsta lagi greining á opinberum gögnum úr opinberum heimildum til að sjá hvort fylgni sé milli innleiðingar strandveiðikerfisins og síðari breytinga á því og lýðfræðilegra og félags- og efnahagslegra vísbendinga. Í öðru lagi verður rýnihópur sérfræðinga fenginn til að móta sameiginlega endurgjöf um skoðanir á strandveiðikerfinu með því að nota endurtekna spurningalista og endurgjöf

2. *Nýsköpunarsetur og störf án staðsetninga – lykill að jákvæðri byggðapróun*

Styrkþegi er Valdís Fjölvisdóttir, Háskóla Íslands.

Rannsóknin fjallar um mikilvægi nýsköpunarsetra og starfa án staðsetningar á jákvæða byggðapróun. Með því að greina stöðu, tækifæri og áskoranir nýsköpunarsetra og óstaðbundinna starfa á Vesturlandi mun rannsóknin varpa ljósi á hvernig slík setur geta haft yfirfærslugildi á önnur bæjarfélög og stuðlað að nýsköpun, atvinnufjölbreytni og öflugri byggðapróun. Niðurstöðurnar ættu að geta nýst stjórnvöldum, sveitarfélögum og frumkvöðlum við stefnumótun og aðgerðir í uppbyggingu um allt land.

¹ Athugið að röðun verkefna felur ekki í sér mat á gæðum umsókna/verkefna.

3. Sustaining the rural: assessing socio-ecological resilience through farming in Iceland

Styrkþegi: Martina Aymonod, Háskólaþingi Vestfirðinga.

Í verkefninu „Að viðhalda dreifbýlinu: mat á félagslegri og vistfræðilegri seiglu í gegnum búskap á Íslandi“ verður kannað hvernig bændur aðlagast umhverfislegum, félagslegum og efnahagslegum áskorunum. Hvaða þættir efla eða viðhalda seiglu bænda og hvernig styðja þeir samfélögin. Niðurstöðurnar munu veita innsýn í hvernig er hægt að styrkja nútíð og framtíð dreifbýlisins á Íslandi sem mun jafnframt styðja stefnu og markmið stjórnvalda um að auka jafnvægi og stuðla að sjálfbærni í þróun byggða og dreifbýlis.